

Mygöfva 4. nóv. 1906

## Íslenzka og önnur mál.

Ein tunga gekk fyrrum yfir Norður-lönd einsog kunnugt er, sú er nú nefnist Íslenska. Að norrænan forna hefur haldist hjá oss svona litið breytt, er eigi einungis því að þakka, hversu afskekktir vér erum, og sjáum vér það þegar vér litum til Færeyinga, sem ekki hafa verið stórum minna afskekktir en vér. Rit-snillingunum fornu er það ekki síður að þakka að málið hefur geymst svona vel. Lítinn ávinning teldi ég það, þó að Norrænan forna hefði varðveitt væri hún ógöfugra mál og ófullkomnara en þau, sem hafa rutt sér til rúms annarsstaðar á Norður-löndum. En því fer fjarri að svo sje. Málfræðingurinn ágæti Rasmus Rask er þó var danskur og hinn mesti ættjarðarvinur, taldi íslenskuna fullkomnara mál en dönsku.

Það þarf ekki að hafa nán kynni af færeysku ritmáli til þess að sjá að það er sambland af bjagaðri dönsku og afskræmdri norrænu; setningaskipun er mjög dönskuleg víða. Vísurnar í grein Helga kennara Valtýssonar í Ingólfi síðast sýna þetta vel. Eg held að flestum Íslendingum hljóti að finnast það skrípamál sem á þeim er; nógv og sjógv f. nóg og sjó; „men meðan tíðin elur seyð“ o. s. frv.; „men“ er stytt úr „meðan“ og hafa Færeyingar þar sleppt hinu betra en tekið upp hið verra, er þeir létu „men“ koma í staðinn fyrir „en“; er nú raunar víðar pottur brotinn í því efni, eins og bezt sést á hinu hræðilega auglýsingamáli

á færeysku, og bendir það til þess, að hinir beztu Færeyingar stefni í rétta átt.

Hrafn er á Færeysku ravnur, kross krossur. En einnig hjá oss hefur þessi ekki ósjaldan hljómspillandi ending orðið of ráðrik.

Kolteren heitir ein af Færeyjum og mun það vera afbökun úr Göltur, en nafnið dregið af svipaðri lögun einsog er á ýmsum íslenskum fjöllum er svo heita. Slíkar afbskanir eru það sem gera mál andlaust; hugsunin í orðunum týnist.

Ýmsar talsvert „færeyskar“ afbakanir á íslenskum örnefnum munu margir kannast við. Þannig er á nýja uppdrættinum skráð „Sljettubjargir“ og „Mýrnatangi“. Hólinu alkunna út undan Ingólfsfjalli hefi eg aldrei heyrt nefndan annað en Kögunarhól; en sennilega heitir hann Kögurhóll (sbr. Kögurnöf og Ketukögur við Skagafjörð); lýsir sér þar sem víðar, að forfeður vorir voru snjallari að gefa örnefni, en vér að skilja þau. — Örnefni fornanna eru náttúrulýsingar þeirra, en jurtaheiti lofkvæði þeirra um náttúruna; er ekki blómheitið melasól góður skáldskapur rétt einsog það væri fræ að náttúrukvæði eftir Jónas? —

Norðmenn tala og rita nú meira og minna bjagaða dönsku; sú danskan sem mest er bjöguð nefnist nýnorska, og er þar nú raunar allmikið af illa útleikinni norrænu innanum. Mál þetta er minnismark yfir bókmentaleysi Noregs um langan aldur undir dönskum yfirráðum. Virðist mér Norðmenn gleyma því of mjög þar sem þeir eru að leita í málið að norrænan lifir enn þá á Íslandi. Sagnfræðingurinn frægi, Ernst Sars ætlast auðsjáanlega til þess að Norðmenn linni ekki fyr en þeir hafa tekið upp aftur norrænuna, telur endurreisn þeirra ekki fullkomna fyr, og ef til vill er nýnorskan aðeins áfangi á þeirri leið.

Helgi Fjetursson.